



## Eignir sjóðanna ávöxtuðust vel árið 2013

Ávöxtun eigna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins - LSR og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga - LH var góð á árinu 2013 og var vel fyrir ofan meðaltalsávöxtun allra lífeyrissjóðanna.

Eignir LSR skiluðu 10,4% nafnávöxtun, sem svarar til 6,5% hreinnar raunávöxtunar. Nafnávöxtun LH var 11,4% sem svarar til 7,3% hreinnar raunávöxtunar.

Samanlagðar eignir LSR og LH voru 511 milljarðar króna í árslok 2013.

Verðbréfaeign sjóðanna er vel dreifð í innlendum og erlendum skuldabréfum og hlutabréfum. Í árslok 2013 voru 54,6% af eignum sjóðanna í skuldabréfum, þar af 35,1% í skuldabréfum með ríkisábyrgð.

Um 8,9% eigna voru í innlendum hlutabréfum, 30,7% í erlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, 5,3% í innlánnum og 0,5% í öðrum fjárfestingum.

Hagstæð gengisþróun á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum skilaði sér í góðri ávöxtun í safni verðbréfa hjá LSR og LH. Hins vegar dró styrking íslenskrar krónu úr ávöxtun erlenda verðbréfasafnsins.

Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina var 11,8% á árinu reiknað í íslenskum krónum, sem jafngildir 7,8% raunávöxtun. Nafnávöxtun innlendra hlutabréfasafnsins var mjög góð eða 30,4%, sem jafngildir 25,8% raunávöxtun.

## Séreign er lykill að höfuðstólslækkun

Séreignarsparnaður er forsenda þess að njóta skattaafsláttar sem felst í aðgerðum stjórnvalda um lækkun höfuðstóls fasteignalána. Séreign er þar fyrir utan hagstæðasta sparnaðarformið sem býðst.

Sjóðfélagar sem ekki eru með séreignarsparnað ættu að ganga sem fyrst frá samningi. Séreign LSR er góður valkostur fyrir sjóðfélaga.

Sjá meira um séreignarsparnað og lækkun fasteignalána í opnu fréttabréfsins.

## Góð útkoma úr athugunum FME

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins kom vel út í athugun Fjármálaeftirlitsins á starfsemi sjóðsins á árinu 2013. Í niðurstöðum FME segir orðrétt:

„Fjármálaeftirlitið telur að þeir þættir sem vettvangsathugunin beindist að séu almennt í mjög góðu horfi og að stjórnendur LSR hafi gott viðhorf til eftirlits. Það endurspeglar m.a. í fáum athugasemdum og ábendingum að teknu tilliti til þess hve athugun Fjármálaeftirlitsins var ítarleg og umfangsmikil.“

FME kannaði einnig hvort fjárfestingar Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga á árinu 2013 hefðu verið í samræmi við gildandi lög og heimildir. Niðurstaðan var að svo hefði verið að öllu leyti og „því voru engar athugasemdir gerðar við fjárfestingar lífeyrissjóðsins“, eins og segir í tilkynningu FME.

Fjármálaeftirlitinu ber að hafa eftirlit með því að starfsemi lífeyrissjóða samræmist ákvæðum laga og reglna sem um sjóðina gilda.

# Virkur fjárfestir

LSR verður hér eftir virkari fjárfestir en áður á íslenskum markaði í samræmi við nýja hluthafastefnu sjóðsins. Þar er kveðið á um að lífeyrissjóðurinn sé langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar en er um leið ábyrgur hluthafi sem stuðlar að þróun góðra starfshátta á hlutabréfamarkaði.

Stjórn LSR metur í hverju tilviki fyrir sig hvort gerð verði tillaga um stjórnarmann fyrir hluthafafund þar sem kosning stjórnar viðkomandi félags á sér stað. Virkni LSR verður meðal annars metin í ljósi eignarhalds, fjárhæða og samkeppnisumhverfis. Jafnframt verða gerðar kröfur um að fyrirtæki, sem LSR fjárfestir í, sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum og umhverfinu og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrir-tækja.



## Séreign er mikilvæg

„Þeir sem leggja ekki fyrir séreignarsparnað neita sér í raun um kjarabætur sem felast í móttframlagi atvinnurekenda annars vegar og frádráttarbæru iðgjaldi hins vegar. Við erum farin að sjá og heyra að séreign getur ráðið úrslitum þegar fólk ákveður að fara á eftirlaun. Séreignarsparnaður hefur líka hjálpað mörgum yngri sjóðfélögum að klífa erfiða skuldahjalla en þar verður hver og einn að gera upp við sig hvort álitlega sé að nota þennan sparnað strax frekar en að ávaxta hann áfram til efri ára,“ segir Ágústa Hrönn Gísladóttir, forstöðumaður réttindamála hjá LSR.

„Við viljum sérstaklega höfða til yngri sjóðfélaga, hvetja þá til að stofna til séreignarsparnaðar hjá LSR og vera þannig með allan lífeyrissparnaðinn sinn hjá traustum og öruggum lífeyrissjóði. Hér er ekkert klipið af iðgjöldum vegna umsýslu og rekstrarkostnaður er lágur.“

Viðbótarlífeyrissparnaður er besti sparnaðarkosturinn sem völ er á. Það vita þeir best sem lagt hafa fyrir frá upphafi, í janúar 1999. Margir eiga orðið verulegar upphæðir í séreignarsjóði sínum og þakka það gjarnan þessum fjármunum að þeir geta farið fyrr á eftirlaun en annars hefði verið.

Þegar unnt er að nýta séreignarsparnað sem skattfrjálsa ráðstöfun til lækunar húsnæðislána eða til íbúðarkaupa verður þessi sparnaðarkostur enn álitlegri en ella.

Við hvetjum sjóðfélaga til að vera meðvitaða í vali á fjárfestingarleiðum séreignarsparnaðar og fylgjast með ávöxtun eigna sinna. Ávöxtunin var mjög góð 2013, líkt og hún var á árunum þar áður.“

Tekjuskattur er ekki greiddur af séreignarsparnaði fyrr en við útborgun og ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur af ávöxtun inneignar á sparnaðartímanum.

## Ávinningurinn jafngildir auknum persónuafslætti



„Ávinningi fólks af því að lækka höfuðstól húsnæðisskuldanna sinna með skattfrjálsum séreignarsparnaði má líkja við að það njóti aukins persónuafsláttar næstu árin. Sá sem leggur þannig fyrir hálfra milljón króna á ári fær um það bil 200.000 krónur í skattaafslátt. Forsenda þess að njóta slíks ávinnings er hins vegar sú að hafa samið um séreignarsparnað. Þeir sem ekki hafa gert það ættu ekki að bíða með að hafa samband við ráðgjafa okkar til að ganga frá samningi,“ segir Agni Ásgeirsson, forstöðumaður áhættustýringar LSR. Agni var fulltrúi Landssamtaka lífeyrissjóða í samráðshópi stjórnvalda um útfærslu höfuðstólslækkunar íbúðarlána.

Agni leggur áherslu á að hver og einn sjóðfélagi verði að sækja sjálfur um að nýta öll þau úrræði, sem í þessum ráðstöfunum felast, á vef ríkisskattstjóra (leidretting.rsk.is). Tiltölulega auðvelt verði að sækja um og útvega upplýsingar sem nauðsynlegt sé að veita til að tryggja réttindi sín. Fólk getur undirbúið sig með því að kanna strax hvort öll fasteignalán á árunum 2008 og 2009 hafi verið skráð í reit 5.2 á skattframtali. Það sama gildir um lán sem greiða skal inn á af séreignarsparnaði. Taka þarf sérstaklega fram í umsókn ef sannanleg lán til öflunar eigin húsnæðis voru skráð öðruvísi, þ.e. í reit 5.5.

„Mikilvægt er að byrja strax í júlí að greiða í séreignarsparnað til að fólk geti nýtt sér rétt sinn að fullu, mest 6% af launum. Ætla má að skattaafsláttur einstaklings, sem fullnýtir rétt sinn með því að borga 1,5 milljónir króna á þremur árum inn á lán, verði á bilinu um 600.000 til 700.000 króna. Skattaafsláttur hjóna og fólks í sambúð, sem fullnýta sinn rétt með því að borga 2,25 milljónir króna inn á lán á þremur árum, verði á bilinu 900.000-1.000.000 krónur. Svo verður að hafa í huga að þegar höfuðstóll lána lækkar léttist greiðslubyrði og vaxtagreiðslur minnka sömuleiðis,“ segir Agni Ásgeirsson.



# Ný lög um neytendalán

Nýleg lög um neytendalán kveða á um ýmis réttindi til hagsbóta fyrir lántakendur en leggja jafnframt ríkari skyldur en áður á lánveitendur, þar á meðal lífeyrissjóði vegna sjóðfélagalána. Lögin tóku gildi 1. nóvember 2013. Upplýsingaskylda lánveitanda er aukin, til dæmis verður að veita lánsúmsækjanda upplýsingar á stöðluðu eyðublaði áður en lán er veitt til að hann geti borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um lántökuna.

Þá er lánveitendum skylt að meta lánshæfi einstaklinga og byggja þar á viðskiptasögu eða upplýsingum úr gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Jafnframt er lánveitendum skylt að framkvæma greiðslumat ef fjárhæð láns er tvær milljónir króna eða hærra eða fjórar milljónir króna eða hærra vegna hjóna eða sambúðarfólks.

## Lífið handan starfsloka

Hvernig er líf og tilvera fólks sem hættir á vinnu-markaði á besta aldri? Guðrún Þorsteinsdóttir deildarstjóri og Anton Bjarnason íþróttakennari kusu bæði að hverfa af vinnu-markaði áður en þau þurftu aldurs vegna. Þau bjuggu sig undir starfslok og hafa nóg fyrir stafni.

Þau lögðu fyrir séreignarsparnað og segja að sá lífeyrissjóður skipti verulegu máli. Bæði nefna að nú hafi þau góðan tíma til að sinna öldruðum foreldrum sínum og eru sammála um að lífið handan starfsloka sé giska gott!



Guðrún við röð mynda sem hún málaði á námskeiði hjá Puriði Sigurðardóttur. Hún túlkar þarna efnahagskreppuna. Á myndinni lengst til vinstri er allt botnfrosið, í miðri sýna sporin í snjónum ráðvillta menn en lengst til hægri er ögn farið að hlána.

## Úr launadeild að málaratrönum

„Samstarfsmennirnir urðu dálítið hissa þegar ég tilkynnti að ég ætlaði að hætta en álagið var mikið og stöðugt og ég sá ekki fram á að geta sem deildarstjóri trappað mig niður í starfi. Því fór ég að velta starfslokum fyrir mér tveimur árum áður en að þeim kom og um mitt ár 2013 tilkynnti ég yfirmanni mínum um ákvörðunina. Gamlársdagur var síðasti vinnudagurinn og nýtt ár hófst með nýrri tilveru. Ég bjó mig vel undir tímamótin og stillti mig inn á það í huganum að ég hætti senn að vinna. Þessum hluta ævinnar lauk um áramótin og ég er ánægð með breytinguna.“

Guðrún Þorsteinsdóttir var deildarstjóri launadeildar Mosfellsbæjar í rúmlega 25 ár og bar ábyrgð á launamálum sveitarfélagsins. Hún lærði tækniteiknunar á sínum tíma og starfaði sem tækniteiknari í nokkur ár áður en hún réðst til starfa hjá þáverandi Mosfellshreppi sem launafulltrúi í 60% starfi. Hún fékk eina viku til að setja sig inn í launamálin og svara fyrir allt varðandi túlkun kjarasamninga starfsmanna.

Síðan þá er mikið vatn til sjávar runnið og hreppur orðinn bær með margfalt fleiri íbúa og bæjarstarfs-

menn. Guðrún var ráðin deildarstjóri árið 1999 og þegar hún hætti í lok árs 2013 störfuðu með henni tveir launafulltrúar í fullu starfi og að auki mannauðsstjóri með starfsmannamál á sinni könnu.

Guðrún hefur nóg að sýsla við eftir starfslokin og segist hafa not fyrir fleiri klukkustundir í sólarhringnum ef þær væru í boði! Hún er í Fókus, félagi áhugaljósmyndara og myndar mikið. Þá stundar hún myndlistarnám í Myndlistarskóla Kópavogs og sækir námskeið hjá Puriði Sigurðardóttur, myndlistarmanni og söngkonu.

Ljósmyndir Guðrúnar er að finna í nokkrum bókaeiginmanns hennar, Friðriks G. Olgeirssonar sagnfræðings. Hún hefur líka tekið að sér heimildavinnu vegna sagnfræðiskrifa Friðriks. Meiri tími gefst nú en áður fyrir slík verkefni.

„Ljósmyndun og myndlist tengjast og hentar vel að fást við báðar greinar jöfnum höndum. Þegar öllu er á botninn hvolft kann ég því vel að vera laus við vinnuna og áreiti og streitu sem henni fylgdi. Lífið eftir starfslokin er í samræmi við það sem ég gerði ráð fyrir og hafði búið mig undir.“

## A-deild LSR

A-deild LSR veitir sjóðfélögum verðmæt réttindi. Löggjald sjóðfélaga er 4% og greitt er af heildarlaunum. Mótframlag launagreiðanda er 11,5%, sem er hærra en almennt gerist.

Almennur lífeyristökualdur er 65 ár en sjóðfélagi getur þó hafið töku lífeyris í A-deild hvenær sem er á aldrinum 60 til 70 ára, með skerðingu fyrir 65 ára eða með ávinningi eftir 65 ára aldur. Sjóðfélagi þarf ekki að vera hættur störfum þegar taka lífeyris hefst. Ellilífeyrir greiðist ávilangt og breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Örorkulífeyrir úr A-deild LSR bætir að nokkru upp tekjumissi sjóðfélaga sem þurft hafa að minnka við sig vinnu eða látið hafa af störfum vegna sjúkdóms eða slyss. Til að sjóðfélagi öðlist rétt til örorkulífeyris þarf trúnaðarlæknir sjóðsins að meta örorkuna a.m.k. 40% í þrjá mánuði eða lengur. Skilyrði fyrir greiðslum er að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjumissi sökum orkutaps.

Við fráfall sjóðfélaga á eftirlifandi maki rétt á makalífeyri í 5 ár og börn virkra sjóðfélaga eiga rétt á barnalífeyri til 22 ára aldurs.



Lífeyrisgáttin hefur reynst mörgum notadrjúgur upplýsingabrunnur um lífeyrisréttindi frá því hún var opnuð á vefnum síðla árs 2013. Þar geta sjóðfélagar aflagð á einum stað upplýsinga um áunnin réttindi sín í samtryggingardeildum allra lífeyrissjóða sem þeir hafa greitt í um dagana. Þeir skrá sig inn í gáttina af sjóðfélagavef LSR á [www.lsr.is](http://www.lsr.is), annað hvort með Íslykli eða rafrænum skilríkjum.

## Nú eru góð ráð (dýr) ókeypis!

Ráðgjafar okkar í lífeyris- og lána- málum bjóða sjóðfélögum að hafa samband eða koma í heimsókn.

Sjóðfélagar velta án efa ýmsu fyrir sér varðandi lífeyrismál almennt, sér- eignarsparnaðinn og þá kosti sem þeir standa frammi fyrir við val á fjár- festingarleið.

Hver eru lífeyrisréttindin, á ég rétt á láni, hvernig virkar þessi nýja heimild til að nýta séreignarsparnað til að greiða niður höfuðstól húsnæðislána eða til húsnæðiskaupa?

Ráðgjafar LSR að Engjateigi eru til staðar til að svara þessum spurning- um og öðrum af svipuðum toga.



Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.  
Ábyrgðarmaður: Haukur Hafsteinsson  
Umsjón: Kristíanna Jessen  
Hönnun og umbrot: Tómas Tómasson  
Prentun: Svansprent

Opnunartími: 9:00–16:00



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins  
Engjateigi 11 • 105 Reykjavík • Sími: 510 6100

[www.lsr.is](http://www.lsr.is)



Anton og sumarbústaðurinn Hreiðrið að baki. Sannkallað hreiður við Apavatn.

## Hollráð í Hríseyjarferjunni

Anton Bjarnason fékk hvatningu um að hætta að vinna sextugur á siglingu með Hríseyjarferjunni sumarið 2005! Um borð var einnig þýskur prófessor á níræðisaldri sem hætt hafði að vinna þegar hann varð 60 ára og lagst í ferðalög. Þeir tóku tal saman og sá þýski sagði ákveðið: „Þú lofar mér því að segja upp í vinnunni þegar þú verður sextugur og fara að njóta lífsins eins og ég.“

Það gerði Anton árið 2007 þegar hann náði sex- tugsaldri, þá lektor við Kennaraháskóla Íslands. Hann tók að vísu að sér stundakennslu í Mennta- skólanum í Reykjavík einu ári eftir starfslokinn og kenndi í fimm tíma í viku næstu þrjú árin.

„Stundirnar í MR hjálpuðu mér að gíra mig niður og voru, eftir á að hyggja, heppilegur endapunktur 40 ára kennsluferils. Ég hugsaði ekkert um starfslok fyrr en eftir samtalið í ferjunni og fannst einfald- lega kominn tími til að láta gott heita. Við hjónin höfum alltaf ferðast mikið hérlandis og erlendis og höldum því áfram. Aðalatriðið er samt að hafa alltaf eitthvað að sýsla við og vera ekki of góður við sjálfan sig. Við förum á fætur kl. 7:30 og ef við erum heima í Kópavogi fer ég í líkamsrækt og sund og enda í heitum potti til að ræða málin. Ef við erum í bústaðnum er hugtakið verkefnaskortur ekki til.“

Anton og eiginkona hans Fanney Hauksdóttir handavinnukennari eiga annað heimili sitt í sum-

arbústað við Apavatn. Þau áttu annan bústað í grenndinni en seldu hann og fluttu nýtt hús inn frá Danmörku fyrir nokkrum árum. Danskir smiðir reistu það en þau sá um innréttingarnar og spöruðu sér umtalsverða fjármuni það sum- arið. Ófá handtök þarf til að byggja sumarhús með öllu tilheyrandi, gróðursetja tré, smíða pall og leggja hellur í stéttar. Þarna er líka komið hænsnahús og gróðurhús væntanlegt.

Anton var um árabil virkur íþróttamaður og náði því að keppa í landsliðum í þremur greinum: knattspyrnu, körfuknattleik og blaki. Hann á fjölda vina og kunningja úr íþróttunum og frá kennsluárum á Laugarvatni og í Reykjavík og hvetur fólk til þess að rækta vináttusambönd á lífsleiðinni.

„Vinatengsl eru gulls í gildi þegar menn eru hættir að vinna. Gamlir vinnufélagar, ferðafélagar eða skólafélagar hittast og hafa það notalegt. Það er erfiðara að mynda ný tengsl á efri árum, þess vegna á að rækta slík sambönd ævina alla. Ég passa til dæmis upp á að útskriftarárgangurinn minn frá Laugarvatni 1967 hittist annað slagið yfir kakóballa og spjalli. Þessum samverustund- um vil ég fjölga. Það er högg að missa vini og félagi. Við skulum því ekki gleyma því að njóta lífsins og augnabliksins. Tíminn líður svo hratt.“

## Kynningarfundir fyrir sjóðfélaga í júní

Árlega eru haldnir kynningarfundir fyrir virka sjóð- félagi í A- og B-deild LSR sem og í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga. Næstu kynningarfundir verða 3. og 4. júní 2014 í húsnæði LSR að Engja- teigi 11. Fundirnir verða haldnir bæði að morgni til, klukkan 8:30–10:00 og síðdegis, klukkan 16:30–18:00.

Nauðsynlegt er að skrá sig fyrir 3. júní nk. með því að hringja í síma 510-6100 eða senda tölvupóst á netfangið [lsr@lsr.is](mailto:lsr@lsr.is) og tilgreina nafn, kennitölu og val á tímasetningu. Einnig er hægt að senda spurn- ingar, sem óskað er eftir að svarað verði á fundinum.